

**Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar**

**12. ágúst 2014**

**Bjarney Friðriksdóttir**

**Greining: Hatursorðræða í ummælakerfum íslenskra  
netfréttamiðla.**

## **Efnisyfirlit**

Inngangur	bls. 3
Skilgreining á hatursorðræðu og hatursglæpum	bls. 4
Hinsegin fólk	bls. 7
Jafnrétti kynjanna/feminismi/kynferðislegt ofbeldi	bls. 9
Fólk af erlendum uppruna/innflytjendur	bls. 11
Flóttafólk/hælisleitendur	bls. 14
Bygging mosku í Reykjavík	bls. 16
Bygging mosku í Reykjavík í tengslum við sveitarstjórnarkosningar 2014	bls. 18
Umræður á netfréttamiðlum í víðara samhengi	bls. 21
Samantekt og niðurstöður	bls. 24
Viðauki 1- Hugtakaskýringar	bls. 26
Viðauki 2 – Laga- og mannréttindaákvæði sem tengjast efninu	bls. 28
Heimildaskrá	bls. 31

## Inngangur

Greiningin er liður í að framfylgja starfsáætlun Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014. Samkvæmt greiningarramma sem kynntur var á fundi Mannréttindaráðs þann 25. mars 2014 var ákveðið að umfang greiningarinnar yrði:

**Tímabil:** Tímabilið sem greiningin nær til er frá mars 2013 til mars 2014.

**Umræðuvettvangur:** Einungis er skoðuð umræðan á ósvæðisbundnum netfréttamiðlum sem leyfa athugasemdir þ.e. dv.is, eyjan.is og visir.is.

**Efnisflokkar sem voru skoðaðir:**

- Hælisleitendur/flóttafólk
- Fólk af erlendum uppruna/innflytjendur
- Bygging mosku í Reykjavík
- Jafnrétti kynjanna/feminismi/kynferðislegt ofbeldi
- Hinsegin fólk

Markmið greiningarinnar er að skoða hver helstu einkenni umræðunnar í ummælakerfum á netfréttasíðum eru og hvort hún einkennist af hatursorðræðu. Í því samhengi var skoðað hver er helsta kveikjan að umræðunni um þessa efnisflokka, hver nálgun þátttakenda er og kyn þátttakenda.

Á meðan á framkvæmd greiningarinnar stóð var ákveðið að skoða einnig þá umræðu sem skapaðist um byggingu mosku í tengslum við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík í lok maí. Því var fylgst með umræðu um byggingu mosku fram í júlí 2014.

Skoðaðar voru 221 umræðukveikjur í ofangreindum efnisflokkum, það eru fréttir, viðtöl, aðsendar greinar og pistlar á þremur netfréttasíðum dv.is, eyjan.is og visir.is. Alls voru lesin 14.815 ummæli við þær.

Í þessari greinagerð er í fyrstu fjallað um skilgreiningu á hatursorðræðu og hatursglæpum, þá eru 6 kaflar þar sem sett er fram greining á umræðunni fyrir þá efnisflokka sem skoðaðir voru. Einnig er umræðan á netfréttamiðlum sett í stærra samhengi með því að skoða nokkur dæmi úr efninu sem ummælin lúta að. Loks eru samantekt þar sem greind eru helstu einkenni umræðunnar sem eru sameiginleg fyrir alla efnisflokka. Í viðauka 1 eru settar fram skýringar á nokkrum hugtökum sem tengjast efnisflokkum greiningarinnar. Skilningur fólks á hugtökum er mismunandi og oft gildishlaðinn, því er birtur listi með fræðilegum skýringum og orðabókar skýringum. Í viðauka 2 er að finna ákvæði úr íslenskum lögum og svæðisbundnum og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur fullgilt og tengjast efni greiningarinnar. Þetta er gert vegna þess að í mörgum tilfellum, t.d. varðandi tjáningarfrelsi og kynþáttamisrétti er um að ræða hugtök sem eru skilgreind með lögum og því ekki mögulegt að skilgreina þau eftir eigin skilningi eða smekk.

## Skilgreining á hatursorðræðu og hatursglæpum

Þar sem tilgangur verkefnisins er að greina hatursorðræðu á netfréttamiðlum er ástæða til þess að tilgreina í upphafi hvernig hatursorðræða er skilgreind í alþjóðlegum mannréttindasamningum og íslenskum lögum og hvað getur fallið undir það að vera hatursorðræða. Hatursglæpir eru nátengdir hatursorðræðu og því verður einnig gerð stuttlega grein fyrir því hvernig hatursglæpir eru skilgreindir.

### Hatursorðræða

Bann við hatursorðræðu var fyrst sett fram á alþjóðavettvangi í Samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis árið 1965, þar segir í 4. gr.:

„Aðildarríki fordæma allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd, og skuldbinda sig til að gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til þess að uppræta alla hvatningu til eða aðgerðir vegna slíks misréttis með tilliti til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem eru talin í 5. gr. þessa samnings, meðal annars að:

(a) Gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öll ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna og einnig allar ráðstafanir til aðstoðar aðgerðum kynþáttahatara, þar með talda fjármögnun.

(b) Lýsa ólögleg og banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum.

(c) Banna stjórnvöldum og opinberum stofnunum að stuðla að og hvetja til kynþáttamisréttis.

Eftir fullgildingu og gildistöku Samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis á Íslandi var ákvæði sem bannar hatursorðræðu sett í almenn hegningarlög nr. 40/1940 með lögum nr. 96/1973. Kynhneigð var bætt inn í ákvæðið með lögum nr. 135/1996 og er ákvæðið nú svohljóðandi:

**233. gr. a.** Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Aðeins í tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. 97(20) er að finna nokkurs konar skilgreiningu á hatursorðræðu. Þar segir meðal annars að hatursorðræða sé „öll tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, þar á meðal umburðarleysi sem er tjáð með herskárri/óvæginni þjóðræknisstefnu/þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna“.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova: *Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*, bls. 8.

Einungis einn dómur hefur fallið á Íslandi þar sem ákært var fyrir brot á 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar var ákært fyrir ummæli sem varaformaður Félags íslenskra þjóðernissinna setti fram í blaðaviðtali. Í viðtalinu sagði meðal annars að markmið félagsins sé að stöðva innflutning á fólki af öðrum uppruna en evrópskum til Íslands og var þar lýst skoðun um yfirburði hvíta kynstofnsins og nauðsyn þess að vernda hann.

Í dómnum segir meðal annars, “Hin kærðu ummæli ákærða eru röng og niðrandi alhæfing. Hann stillir upp sem andstæðum svörtum lötum Afríkubúum og hraustum hvítum Íslendingum og lætur að því liggja að um eðlislægan mun sé að ræða. Orð hans lýsa því kynþáttafordómum.”

“Ummælin „afríkunegri með prik í hendinni” og þau að Afríkubúar „nenni ekki að berja af sér flugurnar” eru niðrandi og bera háð og róg í garð svartra manna. Sama er að segja um hin kærðu ummæli í heild þegar þau eru virt í samhengi sínu og í ljósi þess markmiðs félags ákærða, sem viðtalið fjallar um, að fólki með dökkan hörundslit verði ekki leyfð búseta á Íslandi. Þykir hann með hinum kærðu ummælum hafa sýnt lítilsvirðandi háttsemi af því tagi sem fjallað er um í 233. gr. a almennra hegningarlaga.” (Hrd. 461/2001)

Í greinagerð Mannréttindaskrifstofu Íslands, *Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*, er fjallað um dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu í tengslum við tjáningarfrelsisákvæði 10. greinar Mannréttinasáttmála Evrópu. Þar kemur fram eftirfarandi:

“Þegar dómstóllinn metur hvort tjáning falli utan verndar 10. gr. lítur hann til þess hvort takmarkanir þær sem ríkið setti á tjáningarfrelsið uppfylli eftirfarandi skilyrði:

1. Mælt var fyrir um takmarkanirnar í lögum með nægilega skýrum hætti.
2. Með takmörkunum er stefnt að einhverju þeirra lögmætu markmiða sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr.
3. Takmarkanirnar eru nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi.

Dómstóllinn metur aðstæður í hverju máli fyrir sig og metur tilganginn sem ætlað var að ná fram með tjáningunni, að hverju tjáning laut og í hvaða samhengi/á hvaða vettvangi tjáningin fór fram. Það getur verið erfiðleikum háð að ákvarða tilgang tjáningarinnar og því hefur dómstóllinn lagt meiri áherslu á vettvanginn/samhengið þar sem tjáningin fór fram. Dómstóllinn leggur meiri áherslu á pólitíska umræðu eða málefni sem snerta almenning, trúarlegar ræður og gerir greinamun á staðreyndum og fullyrðingum sem fela í sér gildisdóma. Dómstóllinn skoðar stöðu þess sem setur fram tjáninguna, hvort hann sé stjórnmalamaður, opinber starfsmaður eða fjölmiðlamaður, svo og stöðu þess sem tjáningunni er beint að.”<sup>2</sup>

## Hatursglæpir

Hatursglæpir eru nátengdir hatursorðræðu en ekki er fyrir hendi sameiginleg alþjóðleg skilgreining á hatursglæp. Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) hefur sett fram eftirfarandi skilgreiningu á hatursglæp:

Hatursglæpur er verknaður sem skilgreinist sem brot eða afbrot samkvæmt hegningarlögum. Til að afbrot teljist hatursglæpur þarf í fyrsta lagi brot að eiga sér stað. Í öðru lagi þarf sá sem framdi brotið að hafa valið viðkomandi fórnarlamb vegna þess að það tilheyrði ákveðnum hópi eða brotamaður taldi að fórnarlamb tilheyrði ákveðnum hópi. Fórnarlamb í þessu tilviki getur verið einstaklingur eða hlutur/eign. Seinna atriðið er það sem skilgreinir hatursglæp frá

<sup>2</sup> Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova: *Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*, bls. 20.

hefðbundnu afbroti og er stundum talað um mismunun í þessu sambandi. Þó talað sé um hatursglæpi þá er mismunun, en ekki hatur, sá þáttur sem er undirliggjandi þegar hatursglæpur er framin og þarf lögreglan að geta greint þar á milli.

- a) Öll afbrot, einnig afbrot gegn einstaklingum eða munum, þar sem fórnarlambið, staðurinn eða aðilinn sem brotið er á, er valinn vegna raunverulegra eða mögulegra tengsla, sambands eða þátttöku í hópum sem skilgreindir eru í lið b.
- b) Aðilar hóps geta haft ákveðin sameiginleg einkenni; eins og kynþáttur, þjóðerni- eða þjóðlegur uppruni, tungumál, litarháttur, trúarbrögð, kynferði, aldur, andleg eða líkamleg fötlun, kynhneigð eða önnur staða að öðru leyti.

Hatursglæpir hafa ekki verið sérstaklega skilgreindir í íslenskum lögum. Það er hins vegar að finna ákvæði í hegningarlögunum, gr. 180 og 233. a, sem falla að hluta undir ofangreinda skilgreiningu ÖSE.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Ríkislögreglustjórnin. *Hatursglæpir: Áfangaskýrsla um stöðu og þróun hatursglæpa á Íslandi og innan aðildarríkja Öryggis- og Samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)*, bls. 5-6.

## Hinsegin fólk

### Inngangur

Skóðaðar voru 21 umræðukeikja um efnisflokkinn *hinsegin fólk* á netfréttasíðunum dv.is, eyjan.is og visir.is. Umræðukeikjurnar voru aðsendar greinar, viðtöl, fréttir og pistlar. Efni þeirra flestra voru tengd frétt sem var sett fram um facebook status frá þekktum tónlistarmanni sem taldi gleðigöngu hinsegin fólks „skemma börn“. Einnig voru skóðaðir fréttir og viðtöl um viðhorf leiðtoga trúfélaga til samkynhneigðar. Alls voru ummælin við þessar umræðukeikjur 2.577. Þar af voru 1.669 (65%) skrifuð af körlum og 908 (35%) af konum.

### Helstu einkenni umræðunnar

- Í umræðunni um þennan efnisflokk er að finna nokkur ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatusorðræða samkvæmt 233. gr a almennra hegningarlaga, en óvíst er að ákært yrði fyrir þessi ummæli sé litið til dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu.
- Stór hluti ummællanna eru ómálefnaleg en ummæli sem lýsa fordómum gegn samkynhneigðum eru í minnihluta. Flest slíkra ummæla eru frá sama einstaklingi og talað er við í umræðukeikjunni. Við hver ummæli sem einkennast af fordómum eru 2-3 sem mótmæla þeim. Þetta er töluvert öfgakennd umræða þar sem þátttakendur mótmæla alhæfingum um samkynhneigða og fordómum gegn þeim bæði með málefnalegum og ómálefnalegum hætti.
- Mikil umræða er um tjáningarfrelsi án skilnings á lagalegum takmörkum þess hugtaks. Mörgum sem taka þátt í umræðunni finnst það vera „pólítískt eitur og skoðanakúgun“ að mega ekki tjá fordómafullar skoðanir.
- Í umræðunni sem lítur að orðum trúarleiðtoga um samkynhneigða eru fáir þátttakendur, en þeir sömu tjá sig ítrekað. Þar er talað um það eigi sér stað „barátta á milli réttinda kirkjunnar og réttinda samkynhneigðra“, að fólk „hafi gott af því að fræðast um báðar hliðar á samkynhneigð“, og að „trúaðir með fordómafullar skoðanir séu ofsóttir vegna skoðana sinna“.
- Töluvert er um að þeir sem rita ummælin ráðist persónulega hver á annan og móðganir gangi á víxl.
- Eitt helsta einkennið er skortur á virðingu fyrir skoðunum annarra og skortur á rökræðu. Almenn svarar meirihluti þátttakenda þeim sem þeir eru ósammála með móðgunum og rökleysum frekar en af kurteisi og með rökum.
- Töluvert algengt er að settar séu fram alhæfingar út frá eigin reynslu eða skoðun um ákveðin trúarbrögð og þá sem aðhyllast þau, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt.

**Dæmi um ummæli** (athugið að einungis eru birt nokkur valin ummæli (í upprunalegri framsetningu) sem talin eru lýsandi fyrir fordómafull ummæli í hverjum efnisflokki.)

„Styðjum Gylfa....! Flestir karlmenn í dag,,, Kannast við að hafa verið teknir afsíðis sem ungir drengir eða börn af hommum eða öðrum perrum og runkaðir nauðugir,,, en aldrei sagt neinum frá því af skömm og sálarkvölum.... Ég býst við að ganga þessa fólks yrði mjög fjölmenn ef hún yrði farinn....Margir þeirra homma, sem gleðjast hvað mest þessa dagana, eru þekktir kynferðisbrotamenn...! Þetta fólk gerir í því að breiða út kynvillu á Íslandi.“

„Ég hata ekki samkynhneigða og er ekki með fordóma út í ykkur. En ég er ykkur ekki sammála með skilgreininguna á því hvað hjónaband er. Þótt þér finnst þetta eðlilegt að þá finnst mér það ekki.“

Það þýðir ekki það að ég sé með fordóma. Ég þekki fullt af samkynhneigðu fólki, og er ekki að gera upp á milli þeirra og annars fólks. Það á að ganga jafnt yfir all.“

„svona virkar tjáningarfrelsi, Gylfi má æla út úr sér fáfræðiskjaftæði og kalla það skoðun, við hin megum svo benda honum á það að hann hefur rangt fyrir sér. Hann má síðan reyna að snúa þessu upp í grín og finnast það fyndið og sniðugt að vera úreltur hommahatari, það gerir hann ekkert minna sorglegan.“

„Fyrir 20 árum síðan mátti hafa skoðanir á samkynhneigð en í dag er það túlkað sem rasismi ef maður er ekki sammála þessum kynvillingum, já þeir hétu það fyrir 20 árum síðan., þetta er ansi hröð þróun finnst mér og óeðlileg og ekki beint sanngjörn fyrir gagnkynhneigða það á ekki að þykja skylda að samþykkja þetta...“

„Þetta ‘óeðli’ , sem samkynhneigð er,...séð frá líkamlegum og samfélagslegu sjónarmiði, vekur oft óhug hjá mörgum einstæklingum sem ekki finna hljómgrunn með þessháttar lífarni, en þó oft líka hjá samkynhneigðum sjálfum. Það eru eðlileg náttúrulega viðbrögð.“

„Skoðana- og tjáningarfrelsi eru til þess að vernda fólk með skoðanir og fordóma sem ekki eru þóknanlegir ráðandi öflum á hverjum tíma. Ef við ætlum að fara að takmarka tjáningarfrelsi fólks eftir því hvaða skoðanir og fordóma það vill viðra, þá erum við einfaldlega ekki fylgjandi tjáningarfrelsi.“

„Merkilegt að svona bull skuli koma frá þeim sem eru frægir fyrir að misnota unga drengi. Pávinn nýbúinn að reka 400 klerka fyrir homma nauðganir á smástrákum. Og er ekki Benedikt pávi nýbúinn að hrökklast úr embætti vegna homma klíkunnar sem gegsýrir vatíkanið. Þeir ættu ekki að kasta steinum sem búa í glerhúsum. Katólska kirkjan er stærsti hommaklúbbur veraldar og fullt útúr dyrum af barnaniðingum.“

„Í gær á hátíð vonar fékk ég sterklega á tilfinningu að um er að ræða nið samkynhneigða gegn kristilegu fólki. Við hinnir verðum að sætta sig við Gay pride eða hvað? Ef kyrkjan hefði lagt krossa filmur alla legið gegnum Laugavegi á Gay pride dag væri umfjöllun farin úr böndunum í átt að mannréttindi.“



## Jafnrétti kynjanna/feminismi/kynferðislegt ofbeldi

### Inngangur

Í efnisflokknum jafnrétti kynjanna/feminismi/kynferðislegt ofbeldi voru skoðaðar 43 umræðukveikjur á vefmiðlunum dv.is, eyjan.is og visir.is. Þetta voru fréttir, aðsendar greinar, viðtöl og pistlar sem fjölluðu meðal annars um mismunandi stöðu kvenna og karla í samfélaginu, konur í stjórnmálum, skráningu kvenna til þátttöku í fegurðarsamkeppni, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi sem samfélagsvandamál og reynslu kvenna af nauðgunum og kynferðislegri áreitni. Alls voru ummælin við þessar umræðukveikjur 1.463, 979 (67%) skrifuð af körlum og 484 (33%) af konum.

### Helstu einkenni umræðunnar

- Mikið er um hatursfull ummæli gegn konum í þessum efnisflokki en þau beinast yfirleitt að persónu þeirra kvenna sem tjá sig í umræðukveikjunum eða setja fram ummæli. Slík ummæli falla ekki undir skilgreininguna á hatursorðræðu en fela í sér ofbeldisfulla áreitni þar sem ráðist er með svívirðingum gegn persónu einstaklings sem er að tjá sig um tiltekið málefni og er almennt álitin tilraun til þöggunar.
- Töluvert ber á umræðu sem einkennist af því að alhæft er um karla og konur sem hópa út frá staðalmyndum. Umræðan einkennist að hluta til af metingi um það hvort það eru konur eða karlar sem eru fórnarlömb í jafnréttisbaráttunni.
- Það á sér stað málefnaleg umræða í bland við athugasemdir sem sýna að umræðan um jafnrétti kynjanna einkennist mjög af því að tala um karla og konur sem andstæðinga og að það standi yfir barátta á milli kynjanna.
- Umræðan sýnir hversu fjölbreytt viðhorf eru í samfélaginu til dæmis til nauðgunar, kynferðislegrar áreitni og jafnréttis kynjanna.
- Almennt er skortur á virðingu fyrir skoðunum annarra. Umræðan snýst að ákveðnu leyti um umræðuna sjálfa og þátttakendur saka hver annan um að vera ekki málefnalegir. Töluvert er um dónaskap og uppnefni. Tjáningarfrelsi er túlkað eins og það hafi engin takmörk.
- Það virðist skipta máli hver það er sem tjáir sig. Ef frummælandinn er þekktur einstaklingur, eða ef hann/hún gegnir ábyrgðarstöðu í samfélaginu eru ummælin oftast ómálefnaleg og snúa að miklu leyti að persónu einstaklingsins. Oft eru þessar athugasemdir fullar af svívirðingum og dónaskap í garð einstaklinga.

### Dæmi um ummæli

„Mikið sem það hlýtur að vera skelfilega erfitt að vera kona. Það er einhvernveginn alveg sama hvað umræðuefnið er alltaf eru blessaðar konurnar fórnarlömb karllægs ofríkis og kúgunar. Mikið hrikalega erum við (karlkynið) helmingur mannkyns vont fólk.“

„Konur sem hafa þetta hræðslu- og fórnarlambsviðhorf færa karlmönnum sem haldnir eru kvenfyrirlitningu og vilja gera konum yfirleitt lífið leitt sigurinn á silfurfat. Til að sletta smá: This is how the terrorists win.“

„Ég mæli með að feministafélag Íslands verði hér eftir flokkað sem valdagráðugir hryðjuverkamenn. Þetta er ekki eðlilegt og hefur ekkert með skynsemi að gera.“

„FEMÍNISTÍSK SÝKÓPATÍA OG ÖNNUR GEÐVEIKI...og fremstir meðal jafningja á þeim bæ eru sósíalistisku feminsta-fasistarnir. Og sjúkdómurinn sem þeir(þær) breiða út er jafnsmitandi og Svartidaði – og endar með óhugnanlegri tegund af femínistiskri sýkópatíu.“

„Síðan hvenær hafa konur ekki verið falar fyrir nægt fé?“

„hehe, andskotinn vissi ekki að þetta færi á visir.is hélt þetta væri bara á vegnum hjá Tomma, en fyrst ég er byrjaður þá fukk it. Aron ertu etkv að fá að ríða út á að vera riddarinn á hvíta hestinum online? Skil alveg að þú látir svona í kringum framhaldsskóla vinkonur þínar óg í kynjanfræði tíma. en fukkit feisum það það er engum að fara að finnast þetta Politically correct crap þitt heillandi hérna.“

## Fólk af erlendum uppruna/innflytjendur

### Inngangur

Skóðaðar voru 21 umræðukveikja um fólk af erlendum uppruna og innflytjendur á vefmiðlunum dv.is, eyjan.is og visir.is. Þetta voru fréttir, aðsendar greinar, viðtöl og pistlar sem fjölluðu meðal annars um mismunun gagnvart fólki af erlendum uppruna, móðurmálskennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku, stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði. Alls voru ummælin við þessar kveikjur 900. Þar af voru 625 (69%) skrifuð af körlum og 275 (31%) af konum.

### Helstu einkenni umræðunnar

- Í umræðunni um þennan efnisflokk er að finna nokkur ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatusorðræða samkvæmt 233. gr a almennra hegningarlaga, en óvíst er að ákært yrði fyrir þessi ummæli sé litið til dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu.
- Fjöldi ummæla einkennist af þjóðernishyggju, kynþáttafordómum og ný-rasisma.
- Á milli 25-30% af ummælunum í þessum efnisflokki einkennast af alhæfingum um hópa fólks af ákveðnu þjóðerni eða endurspeglu neikvæð viðhorf gagnvart því að fólk af erlendum uppruna setjist að á Íslandi. Margir þátttakendur draga ályktanir um alla af ákveðnu þjóðerni byggt á sögum af einstaklingum og alhæfa út frá því. Neikvæð viðhorf sem birtast eru meðal annars ummæli um frekju í útlendingum, að lönd séu á niðurleið af því að þau leyfi innflytjendum að koma þangað og að það séu margvísleg vandamál sem séu bara einangruð við þessa hópa./Ísland fyrir Íslendinga./Fólkinu sjálfu að kenna ef því er mismunað vegna þess að það talar ekki íslensku./Koma verði í veg fyrir að glæpamenn komi til landsins./Einnig eru birtar slóðir á myndbönd sem eiga að sýna fram á hættuna sem fylgir því að leyfa fólki af erlendum uppruna að flytja til landsins.
- Það virðist vera beint samhengi á milli þess hvort í umræðukveikjunni birtust jákvæð eða neikvæð viðhorf til fólks af erlendum uppruna og þess hvernig ummæli eru sett fram. Jákvæð ummæli eru sett fram við jákvæða umfjöllun og neikvæð við neikvæða umfjöllun.
- Að stórum hluta er það sama fólkið sem setur inn athugasemdir aftur og aftur. Á milli 30-40% af sumum umræðuþráðunum eru samræður á milli 2-4 aðila með ólíkar skoðanir.
- Fyrir hver fordómafull ummæli eru 2-3 aðilar sem benda á að það sé ekki mögulegt að alhæfa um hópa fólks byggt á staðalmyndum um þessa hópa. Í mörgum tilfellum verða úr þessu rökræður á milli eins sem er með mikla fordóma og annars sem er að reyna að gera honum ljóst að hann sé að alhæfa og málflutningur hans eigi ekki við rök að styðjast. Margir af þeim sem taka þátt í umræðunni eru mjög meðvitaðir um og greina hræðsluáróðurinn sem birtist hjá öðrum. Þeir sem benda á að málflutningur sumra ummælenda einkennist af kynþáttahyggju eru oft kallaðir rétttrúnaðarlöggurnar eða „fallega og góða“ fólkið.
- Af fjórum umræðukveikjum sem fjölluðu um móðurmálskennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku var talað við Íslendinga í tveimur og við fólk af erlendum uppruna í tveimur. Engar athugasemdir voru gerðar á netfréttamiðlunum við fréttirnar þar sem talað var við Íslendinga en þó nokkrar við hinar. Þær athugasemdir skiptast nokkuð jafnt í að vera jákvæðar og neikvæðar en neikvæðu ummælin lutu flest að því að það væri „helvítis frekja í þessum útlendingum“ að fara fram á að fá kennslu í móðurmáli í grunnskólum./Að þetta fólk væri nú búsett á Íslandi og „ætti að tala

íslensku“. Tekið skal fram að Halldór Auðar Svansson benti á þessi ólíku viðbrögð við umfjöllun um þessi mál í pistli á eyjan.is.

## Dæmi um ummæli

„Þeir sem virða íslenska menningu, lög og tungumál mega búa hér eins og þeim hentar, fólk sem hinsvegar kemur hingað og einangrar sig frá samfélaginu og hópar sig saman í fjölskyldum sem tala ekki orð í íslensku og vinna við ég veit ekki hvað, hafa ekki mikið erindi að búa hér að mínu mati.“

„Gott væri eftirlit að semja ný lög sem takmarka fjölda innflytjenda við hversu vel við getum fylgst með gangi þess fólks manneskju fyrir manneskju, ef fólk sýnir vilja til að aðlagast Íslenskum siðum og læra tungumálið þá gæti það fengið að vera. Það verður allavega að vera eitthvað eftirlit finnst mér, við búum í svo litlu landi, kjör okkar eru svo góð að við ættum að berjast fyrir að halda þessu gangandi svona eins lengi og unnt er svo að afkomendur okkar geta lifað við álíka lífsgæði.“

„Já frábært að fá ISLAM trú til Íslands...hefur augljóslega ekki hugmynd um hversu sjúk þessi trú er!! Niðast á smábörnum og berja menn fyrir að gleyma að biðja..! Hef ekki séð svoleiðis á síðustu 500 árum hjá Kristnum! Salmani ætti að fara læra íslensku betur og svo fara aðlagast Íslandi !!!!!!!“

„Íslenska er okkar mál ef fólk líkar það ekki getur það drullað sér eitthvað annað“

„Íslenska er okkar móðurmál og er töluð og skrifuð í þessu landi og eiga allir að kunna hana. Foreldrar eiga að sjá um hitt ekki skólakerfið“

„Beint í gasklefan meðetta!! :D“

„Jæja...Jæja....Verður nú haldið áfram að ræða það hvort þessir glæpamenn fái að vera hér??? Af hverju er þessu liði sleppt...Af hverju í fj.....eru þeir ekki settir upp í næstu flugvél og bannað að koma hér nokkru sinni aftur??? Skil þetta alls ekki“

„Kæmi ekki á óvart að um útlendinga væri að ræða hér !!!! Þeir eru með skipulagða glæpastarfsemi hér.“

„mhm og þessvegna er noregur á niðurleið, danmörk og svíþjóð bæði með handónýtt velferðarkerfi. Hvernig væri að fá allt í stand fyrir fólk sem býr á Íslandi í staðinn fyrir að stela af þeim peningi og réttindum sínum? Og hvað með t.d. Frakkland? París algjörlega búinn að tapast fyrir utan túristastaðina. Innflytjendur fara ekki eftir lögum landsins, mótmæla öllu og vilja taka frelsi af fólk (múslimar). Bretland er búinn að grafa gröfina sína í þeim málum og örugglega bara tímaspursmál þangað til þeir fara ofaní hana ef ekkert er gert. Og þess má geta að norðmenn eru í auknum mæli að senda fólk út úr landinu til þess að reyna að laga vandamálið sem skapast af þessu fólk, glæpir, kvenmannshatur, dýrahatur og bara einfaldlega krónísk geðveiki.“

„Ég er á móti því að múslimar nái hér fótfestu og sýki okkar þjóð, með sínu afbrigðilega hegðunarminstri að nauðga börnum og hafa kynlíf með dýrum og að kúa konur og drepa dætur sínar fyrir að verða ástfangnar af Íslendingi. Eða sírubrenna stelpur fyrir að vilja ekki giftast gömlum mönnum. Þetta þakka á að vera heima hjá sér ef það vill ekki aðlagast okkur og okkar sið.“

„Hér í Noregi var alda nauðgara í Osló...100% af þeim voru múslimar....“

„Ég hef nú alltaf verið þekktur fyrir hreinskilni. Burt með allt þetta austur evrópu lið. Ísland fyrir Íslendinga.“

„Útlendingar sem flytja til Íslands eru meira en velkomnir svo framarlega sem þeir aðlagast OKKAR venjum og OKKAR siðum og reyna ekki að troða sínum siðum inn á okkur.....Ef þið getið aðlagað ykkur að því og stuðlað að velferð samfélagsins þá er það frábært. Ég skal vera sá fyrsti til að koma

og taka utan um ykkur og segja „velkominn“. En um leið og eh svona lagað gerist þá segi ég einfaldlega: „Burt með ykkur!“. En ef ég er rasisti fyrir að þykja vænt um mitt land og mína siði þá ma's.s. kalla mig það. En ég stend engu að síður við það sem ég segi.“

## Flóttafólk/hælisleitendur

### Inngangur

Skóðaðar voru 35 umræðukveikjur um flóttafólk og hælisleitendur á vefmiðlunum dv.is, eyjan.is og visir.is. Þetta voru fréttir, aðsendar greinar, pistlar og viðtöl sem flest fjölluðu um stefnu stjórnvalda í málefnum flóttamanna og hælisleitenda, aðstæður hælisleitenda á Íslandi, brottsendingu þeirra sem synjað hefur verið um hæli á Íslandi og aðstoð sem veitt er við einstaklinga sem komið hafa hingað til lands sem flóttamenn í boði stjórnvalda. Alls voru lesin 1.821 ummæli. Þar af voru 1.234 (68%) skrifuð af körlum og 587 (32%) af konum.

### Helstu einkenni umræðunnar

- Í umræðunni um þennan efnisflokk er ekki að finna ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatusorðræða samkvæmt 233. gr a almennra hegningarlaga.
- Flestar umræðukveikjurnar í þessum flokki lúta að hælisleitendum sem verið er að senda úr landi þar sem þeim hefur verið synjað um hæli. Meirihluti þeirra sem tekur þátt í umræðunum vill að sýnd sé mannúð í þessum málum, lögum sé fylgt og hælisleitendum sé veitt vernd. Margir lýsa sig mjög ósammála stefnu stjórnvalda og útlendingastofnunar og segjast skammast sín fyrir að vera Íslendingar vegna framkomu stjórnvalda.
- Á milli 10-20% þeirra sem setja fram ummæli við þennan efnisflokk eru neikvæðir í garð hælisleitenda og flóttafólks og einkennast ummæli þeirra m.a. af þjóðernishyggju, kynþáttafordómum og ný-rasisma.
- Í annurri gerð ummæla sem eru neikvæð í garð hælisleitenda birtast viðhorf eins og að það eigi að byrja á því að bjarga Íslendingum, að við getum ekki tekið á móti flóttafólki ef við getum ekki séð um okkar eigið fólk./Að frekar eigi að hugsa betur um þá hælisleitendur sem eru hérna en að leyfa fleirum að koma og að fólk megi vera hérna svo fremi sem það brýtur ekki lög./Talað er um raunverulegt flóttafólk og svo hina sem landið er að fyllast af./Einhver hluti þátttakenda í umræðunni setur fram fullyrðingar og alhæfingar um þá einstaklinga sem umfjöllunin er um t.d. að einhver tiltekinn aðili sé meðlimur í hryðjuverkasamtökum, að gifting sé hentugleikagifting og að hælisleitendur séu allir glæpamenn.
- Töluvert áberandi í umræðunni er skortur á þekkingu á muninum á flóttamanni, hælisleitanda og innflytjanda, margir sem gera ekki greinarmun á milli þessara hópa.
- Í umræðukveikjum þar sem rætt er við þingmann, ráðherra eða einhvern sem gegnir ábyrgðarstöðu í samfélaginu snýr stór hluti ummællanna að persónu þeirra, þau eru sökuð um heimsku, mannvonsku og fasma.

### Dæmi um ummæli

„Það á ekkert að fylla landið af þessu þetta kostar hundruð milljóna á ári, sem ég er ekki tilbúinn til að leggja til af mínu skattfé, það á að leggja niður og setja tímabundin lög um að við tökum ekki á móti flóttafólki við höfum ekki efni á því.“

„Þetta er auma vælið út af þvermóðsku- og hrokafullum ólöglegum innflytjendum. Érna í Thailandi eru mjög strangar kröfur gerðar til ferðamanna sem koma hingað og ólöglegum er vísað frá.“

„Flestir flóttamennirnir sem til Íslands koma eru að flýja réttvísina í sínu heimalandi og víðar. Sumir fyrir morð, nauðganir, mansal og eiturlyfjaviðskipti. Svo upphefst skipulagt fjölmiðlafár og feministar sameinast um að verja þessar hetjur.“

„Hvernig væri að við færum að fatta að við berum ekki ábyrgð á afríku hún gerir það sjálf, reynum nú að fara að hugsa um evrópu og evrópubúa og komandi kynslóðir álfunnar, álfan er ekki að verða lík sér lengur hún líkist alltaf meir og meir útibúi frá mið-austurlöndum og restinni af afríku, og það er því miður vegna barnalegs fólks (t.d. No Borders þeir eru víða) sem heldur að evrópa geti breytt einhverju um gang mála í afríku,“

„Það eru um 800 þúsund svertingjar í London og mikil félagsleg vandamál, glæpir og atvinnuleysi hjá þeim. Ísland er paradís fyrir þá og líka bótaparadís eins og Leonice segir.“

„Einhvern veginn finnst mér að flestir hælisleitendur séu nú ekkert fyrsta flokks borgarar, munu þessir einstaklingar einhverntímann borga skatt í samfélagi okkar??“

„Maðurinn er svartur og það þarf ekki fleiri ástæður til að senda hann heim til sinn best geymdur þar: 0)“

„Þetta er skríll sem við eigum bara að setja í búðir eins og önnur lönd. Þetta kostar óhemju tíma og peninga að halda þessu helvítis pakki uppi.“

„Hversvegna ætti Ísland að vera að því se ekki einu sinni brauðfæðir sina.....það er alltaf hægt að blaðra hugsunarlaust☹“

„Svo skil ég ekki hversvegna við Íslendingar eigum að vera með langflestu erlenda ríkisborgara á Norðurlöndunum. Hvað með Reykjanesbæ, þar er fjöldinn af flóttamönnum orðinn það mikill að samfélagið þar ræður ekki við þettað. Mæli með að þeir sem vilja hýsa flóttamenn bara hýsi þá sjálfir, noti ekki mína skattpeninga í þettað.“

„Útlendinga stofnun vinnur mjög fagmannlega að málefnum útlendinga og á undir högg að sækja frá mörgum misvitrum íslendingum sem eru eins og kjúklingar sem hafa aldrei séð mink eða rebba. Það þarf ekki nema um 100 slæma innflytjendur frá löndum sem íslendingar hafa og eru í stríði við, til þess að kollvarpa ríki, ríkisstjórn og íslenskum efnahag. Notið hausinn til þess að hugs með en ekki einungis til að tísta.“

„Svo sorglegt að senda nígeríska konu á besta aldri úr landi,þær hafa verið að vinna fyrir sér við góðan orðstír á hinum norðurlöndunum.“

# Bygging mosku í Reykjavík

## Inngangur

Skóðaðar voru 17 umræðukeikjur um byggingu mosku á dv.is, eyjan.is og visir.is. Þetta voru aðsendar greinar, fréttir, viðtöl og pistlar sem tengdust annars vegar greinum sem einn af fyrrverandi borgarstjórum Reykjavíkurborgar skrifaði í Morgunblaðið um fyrirhugaða byggingu mosku í Sogamýri og hins vegar fréttum af því að svínshausum var dreift á lóðina sem Félagi Múslima var úthlutað fyrir byggingu mosku. Alls voru lesin 2.329 ummæli við þessar umræðukeikjur, 1.829 (79%) skrifuð af körlum og 500 (21%) af konum.

## Helstu einkenni umræðunnar

- Í umræðunni um þennan efnisflokk er að finna nokkur ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatusorðræða samkvæmt 233. gr a almennra hegningarlaga, en óvíst er að ákært yrði fyrir þessi ummæli sé litið til dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu.
- Langflestir sem taka þátt í umræðunni eru fylgjandi byggingu mosku í Reykjavík.
- Fyrir hver ummæli sem einkennast af þjóðernishyggju, ný-rasima eða fordómum gagnvart múslimum og þar sem byggingu mosku er mótmælt, eru 3-4 sem svara þeim með rökum og lýsa sig fylgjandi byggingu mosku.
- Beint samhengi er á milli þess hvernig umræðukeikjan er og ummælanna sem sett eru fram við hana. Ef fjallað er um byggingu mosku og/eða búsetu múslima á Íslandi á neikvæðan hátt í umræðukeikjunni ber meira á neikvæðum og/eða fordómafullum ummælum.
- Algengustu tegundir ummæla þeirra sem eru á móti byggingu mosku á Íslandi eru eftirfarandi: Ísland er kristið land og múslimar geti bara byggt moskur í sínum löndum./Ef við megum byggja kirkju í þeirra löndum þá mega þeir byggja mosku hér./Settur er fram hræðsluáróður um að múslimar séu að fara að yfirtaka Ísland og Evrópu./Að Islam feli í sér heimsyfirráðastefnu og múslimar ætli sér að taka yfir heiminn./Settar eru fram slóðir á myndbönd sem eiga að vera sönnun þess að múslimar séu hryðjuverkamenn./Mikið er talað um að við verðum að horfa til nágrannalandsanna varðandi reynslu þeirra án þess að segja nákvæmlega hver sú reynsla er./Settar eru fram alhæfingar um múslima byggðar á ranghugmyndum og neikvæðum staðalmyndum./Algengar fullyrðingar eru að múslimar séu ofbeldisfullir og að Islam sé öfgatrú./Að allir múslimar séu nauðgarar./Að það sé öðruvísi kvenfyrirlitning í Islam og ef að moska verði leyfð fylgi því bara glæpir./Erfitt sé að verja trúarbrögð sem ala á barnaníð og ofbeldi./Að múslimar séu ógn við vestræn samfélag./Að Islam samræmist bara ekki vestrænni menningu./Múslimar drepi kristna og kveiki í kirkjum. Að fólk eigi að taka upp síði Íslands.
- Margir byggja neikvæð viðhorf sín á einstaka reynslusögum, oft erlendis frá, og hræðsluáróðri og alhæfa út frá því.
- Það eru 6-8 mjög háværar raddir sem eiga um 30-40% ummælanna sem birtast í þessum efnisflokki. Þar á meðal eru einstaklingar sem halda úti vefsíðum og facebook síðum þar sem settur er fram hatus- og hræðsluáróður um múslima og Islam.
- Hluti af umræðunni er um hvort viðhorf þeirra sem eru á móti því að múslimar búi á Íslandi og að hér verði byggð moska flokkist sem kynþáttafordómar. Fólk sem vill ekki múslima til Íslands mótmælir því að vera kallað rasistar, að það geti ekki talist til rasisma þar sem um trúarbrögð er að ræða.
- Mikið er um ósmekkleig uppnefni eins og „mússinn þinn“, „mússar“ og að nota „múslimir“ í nefnifalli fleirtölu, í stað „múslimar“.



- Töluvert er um persónulegar árásir á einn af forsvarsmönnum Félags múslima sem er af erlendum uppruna.

## Dæmi um ummæli

„Sama hverjir eru, bara ekki þetta lið, hverjir sem gerðu þetta eru ekki að gera neitt meira en þessir mússar gera annarsstaðar, Ísland fyrir okkur og það sem að vilja aðlaga sig að okkar háttum,“

„Auðvitað eiga allir rétt á sína trú... Það sem ég hef áhyggjur er einnmet það að þið múslimar virðast að vera svo friðsöm fyrst, en svo um leið og þessi moska verður byggð fara flæða múslimar hingað til landsins. Ég efast um að þau verði nokkru friðsöm....miðað við umræðu út um allan heim og sögur um stelpur sem verða drepin af bræðrum sínum því að þær voru ástfangin af örðum menn en þeir ætlað er (því þær verða skömm fyrir fjölskyldur sínar) eða bara hvernig er komi fram við konur í ykkar trú, eða bara einfald dæmi um múslimar sem voru líka mjög friðsöm (og ekki einu sinni fjölskyldum þeirra grunaði ekkert) sem tóku þátt í 9/11 VIL ÉG EKKI MOSKU HÉR Á LANDI !!! Ég vil ekki svona trúarbrögð í kringum barnið mitt !!! Þið múslimar eru 1 þjóð í heimis sem þarf að fjölga sér út um allan heim og byggja mosku hér og þar, er það eitthvað skipulagt eða bara tilviljun? Ég hef ekkert á móti heiðarlegum einstaklingum en ég veit alveg 100% ekki allir eru eins“

„Múslimar hafa einmitt gefið svo mikið ‘gott’ af sér á hinum Norðurlöndunum og hinum ýmsu borgum í Evrópu þar sem þeir hafa yfirtekið heilu hverfin og breytt þeim í múslimsk svæði. Hef ekki séð hvað þeir eru að gefa af sér til samfélagsin þar.“

„Um leið og kristnir geta byggt kirkjur í friði í Sádí og annars staðar þá skulum við velta því fyrir okkur að úthluta lóð.“

„Þess fyrir utan að þeirra trúarbrögð segja að þeir eiga að drepa okkur. Við erum trúleysingjar í þeirra huga. Þeirra trú aðskilur konur og karla. Sést best á því að í moskunum eru konur sér og karlar sér.“

„Þetta snýst ekkert um rasisma maður, af hverju getur þú ekki prófað að hlusta á skoðanir annarra, þá kannski mundir þú skilja afhverju við viljum þetta ekki. Vilt þú taka óþarfa áhættu með það að lenda í því sama og aðrar þjóðir sem eiga við örtröð af Íslams trúarmönnum sem vilja neyða trú sína og hætti ofan í kokið á öllum þegar þeir eru orðnir nógu margir í tölum? Þetta snýst um að átta sig á gangi raunveruleika þessara mála, og spurja sig hvort að maður sé tilbúinn til þess að fórna okkar eigin lífsháttum fyrir lífshætti þeirra, því að það er einfaldlega það sem er að gerast í nágrannaríkjum okkar.“

„Ég er ekki að trúa þessu ! það verður að vera þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál...þetta er ekkert smá dæmi ! það er fáránlegt að einhverjir nokkrir aðilar fái að taka svona mikilvæga ákvörðun fyrir framtíð Íslands....við erum með öll dæmin í kring um okkur sem sýna að þegar múslimar byrja á annað borð að koma sér fyrir þá ganga þeir leingra og leingra....þegar þeir eru búnir að fá að byggja mosku þá vill ég bara segja GUÐ HJÁLPI OKKUR ! ...því að DJÖVULLINN ER MÆTUR !“

„Það er ekki ólíklegt að mörg þjóðríki Evrópu munu á þessari öld brotna upp í 2 ríki, eitt fyrir múslima og eitt fyrri alla aðra. Það mun ekki ganga friðsamlega fyrir sig og það verða gjörbreytt og miklu harðari þjóðfélög sem munu rísa úr rústunum. Ég efa að lýðræðið muni lifa þann hildarleik af.“

„Hulda, þú vilt fá þessa múslima sem biðja í sínum moskum 5 sinnum á dag, trufla alla í kring, leggja í stæði hjá örðum, það gera þeir í Bretlandi og Bretar eru að verða vitlausir á þessu. Moska á ekki að fá að rísa og við erum með kirkjur sem eru eldgamlar, það á að rífa niður kirkjur og byggja athæfi fyrir heimilislausa.“

# Bygging mosku í Reykjavík í tengslum við sveitarstjórnarkosningar 2014

## Inngangur

Skoðaðar voru 85 umræðukveikjur, fréttir, viðtöl, aðsendar greinar og pistlar á dv.is, eyjan.is og visir.is. Allar umræðukveikjurnar koma í framhaldi af viðtali við oddvita Framsóknarflokksins í kosningum til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar þar sem hún sagði að ekki ætti að úthluta lóð til byggingar húsa eins og mosku á meðan það sé þjóðkirkja á Íslandi. Alls voru lesin 5.725 ummæli við þessar umræðukveikjur, þar af voru 4.728 (83%) skrifuð af körlum og 997 (17%) af konum.

## Helstu einkenni umræðunnar

- Í umræðunni um þennan efnisflokk er að finna nokkur ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatursorðræða samkvæmt 233. gr a almennra hegningarlaga, en óvíst er að ákært yrði fyrir þessi ummæli sé lítið til dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu.
- Í um það bil 20-25% ummællanna við umræðukveikjurnar í þessum efnisflokki eru þátttakendur að lýsa yfir andstöðu sinni við byggingu mosku í Reykjavík. Helsta stefið í þeim ummælum er að það sé hættulegt að leyfa byggingu mosku af því að það muni leiða til þess að múslimum fjölgi óskaplega mikið og þeir taki yfir landið. Mikið af þessum ummælum lýsa miklum fordómum gagnvart múslimum, byggðum á ranghugmyndum, órökstuddum fullyrðingum og alhæfingum um múslima og Islam.
- Í mörgum tilfellum setja þátttakendur inn slóðir á myndbönd sem eiga að sýna fram á slæmar afleiðingar þess að leyfa múslimum að búa hér og byggja mosku. Fyrir hver fordómafull ummæli sem eru sett fram eru 2-3 sem svara þeim, í flestum tilfellum málefnalega og með rökum um að það sé ekki mögulegt að fullyrða um hópa fólks út frá staðalmyndum byggðum á ranghugmyndum og hræðsluáróðri. Samskiptin snúast oft upp í langar samræður á milli 2-3 einstaklinga.
- Nokkrir aðilar sem eru mótfallnir byggingu mosku í Reykjavík og veru múslima í landinu eru mjög virkir í þessari umræðu, meðal þeirra er ábyrgðarmaður facebook síðunnar Mótmælum mosku á Íslandi og vefsíðunnar hryðjuverk.com. Á sumum umræðuþráðunum eru um 30% af ummælunum sett fram af honum.
- Hluti af umræðunni snýst um spurningar eins og hvenær urðu múslimar kynþáttur?/ Síðan hvenær urðu múslimar minnihlutahópur?/Eru Islam verri trúarbrögð en kristni?/ Hver eru takmörk tjáningarfrelsisins?/Eru fordómar gagnvart trúarhópum rasismi?/Eru múslimar minnihlutahópur?/Er Islam trúarbrögð eða stjórnmalastefna?
- Mjög áberandi í þessari umræðu er að viðhorfið sem birtist í umræðukveikjunni endurspeglast í ummælunum sem sett eru fram við hana. Meira er um fordómafull ummæli við fréttir, greinar og pistla þar sett eru fram fordómafull viðhorf.
- Þessi umræða um byggingu mosku í Reykjavík er mun grófari en sú fyrri sem fjallað var um hér að framan. Hér er að finna fjölmörg ummæli um að það eigi að reka múslima burt úr landinu eða ekki leyfa þeim að koma hingað. Fólk er sakað um föðurlandssvik og þeir sem vilja að mannréttindi og stjórnarskrá séu virt eru kallaðir „réttrúnaðarsinnar“ og „skoðanalöggur“. Í mörgum þessara ummæla birtist mjög einföld sýn á íslenskt samfélag eins og allir Íslendingar séu með sameiginlegt gildismat og aðhyllist kristna trú og að það sé svo mikill menningarmunur á milli Íslendinga og múslima að það megi ekki leyfa múslimum að búa hér.
- Í tengslum við þessa umræðu voru settar fram líflátshótanir gagnvart einum forsvarsmanna Félags múslima á Íslandi í ummælum á netfréttamiðlinum. Í fréttum af

Því voru einnig settar fram persónulegar hótanir gagnvart honum og árásir á persónu hans.

## Dæmi um ummæli

„Íslam og kristni geta ekki deilt sama landsvæði nema að annar hvor siðurinn hafi mjög lítið vægi. Þegar múslimar eru orðnir mjög stór hluti þjóðfélaga eins og stefnir að í sumum löndum Evrópu mun friðurinn í sundur slitna. Múslimar munu verða komnir í meirihluta í Svíþjóð um 2050. Það mun þýða endalok sænsks þjóðfélags og lýðræðis eins og við þekkjum það. Landið gæti brotnað upp í einingar og líklega með ofbeldi og borgarastyrjöld. Múslimar víða í Evrópu eru farnir að heimta eigin skólakerfi, eigin dómkerfi og vilja aðgreina sig frá upprunalega þjóðfélaginu. Þetta mun aðeins versna.“

„Ég er aldeilis ófeiminn við að viðurkenna það að ég kæri mig ekki um að fylla landið af, surtum, aröbum, slöfum, kínaverjum eða hvað á að kalla þetta allt saman. Ég kæri mig ekki um að það sé blámaður eða arabi í pottinum með mér í lauginni. Þýðir það að ég hati þetta fólk? Við Íslendingar erum einsleitir og þannig vil ég að það verði eins lengi og hægt er. Við eigum að veita þeim sem við viljum fá til landsins atvinnuleyfi eftir þörfum ef þeir hafa boð um vinnu. Að taka við endalausum straum af flóttadýrum þýðir að við erum bara að taka við úhrakinu úr hverju landi. Myndum við ekki vilja velja inn í landið þá eru þess verðugir og vantar? Má ekki stjórna þessu af viti en ekki bara taka við þeim sem grátkórinn emjar inn í landið? Ég hef sjálfur mjög víða farið og of langt að telja það upp....“

„Viðbjóðslegt trúarbrögð sem skipar geðtruflaða fólk að drepa hver sem er í heiminum.“

„Ég set ? við múslima sem trúfélag þar sem þarna eru framkvæmd hriðjuverk og oft undirbúin í moskum af öfgamúslimum sem virðast stjórna. Ég tel að hægt sé að stöðva þetta og bera fyrir sig þjóðaröryggi og er nærtækast að sjá hvað nágrannalöndin eru að berjast við daglega vegna múslima og moskna til að hafa það til viðmiðunnar að ekki sé hægt að veita leyfi undir mosku vegna þjóðaröryggis....“

„Skoðaðu hvernig er umhorfs á hinum norðurlöndunum, þar eru gettó sem eru ekki þorandi fyrir aðrar þjóðfélagsþegna að fara inn í vegna hættu að vera drepin af múslimum. Malmö þar er útlitið mjög svart svo alvarlegt að lögreglan fer helst ekki þarinn á kvöldin í múslímsk hverfi.“

„Moska tilheyrir ekki menningu Íslenskrar þjóðar þetta blessaða fólk verður bara að ganga inn í Íslenska menningu ef það vill vera hér annars geta þeir sem vilja Moskur bara farið í þeirra menningu ég sé ekki neitt athugavert við það.“

„Sá sem skilur ekki ótta margra Íslendinga við múslima er hvorki læs né skrifandi. Salmann Tamimi væri nær að halda rónni og vinna að því að róa okkur sem eru óróleg yfir byggingu Mosku í Reykjavík. Hann ætti líka að tala varlega um að Íslendingar séu að brjóta mannréttindi. Það hafa ekki verið átök á Íslandi um trúmál í 1000 ár en nú eru þau hafin.“

„Bý á Íslandi, starfa í þýskalandi með þjóðverjum, portúgölum, bretum litáum, pólvörjum og rússum. Þekkti einn múslima persónulega, hann var ágætur, en hef hlustað á samsstarfsmenn mína tala um hvað sé að gerast í þeirra löndum og jafnvel hverfum kringum heimili þeirra. Þar sem við skítugi maðurinn, sem sagt ekki múslimar, geta ekki gengið um óhultir af því við erum saurugir að því einu að iðka ekki Islam. Hópárásir múslímiskra unglunga á aðra og hópnauðganir sem má ekki nefna í blöðunum vegna rasista hugtaksins. Heldur er notast við hugtakið 'af asísku bergi brotinn' Ungum stúlkum nauðgað hægri vinstri af því þær eru sálarlaus þjónn mannsins. Nenni ekki að telja meira upp. Þú finnur þetta allt ef þú kærir þig um.“

„MÚSLIMAR ÞYKJAST VERA GOTT FÓLK Í FYRSTU (Séra Zakaria Botrous). Þegar múslimi kemur inn á nýtt svæði þar sem þú ert fyrir, þá er hann svo vingjarnlegur, kurteis og kemur vel fyrir. Og þú munt segja: „Válla ja hérna!“ Þið munið elska hann/hana. Þangað til hann klónar sig og fjölgar sér, þá kemst hann inn á þig og inn í þig. Hann mun kynna sér allt um þig og vita allt um þína hagi. Þitt vald. Hann mun kynna sér kerfi þitt. Hvernig stela á peningunum þínum. Hvernig komast á yfir peninga án þess að vinna fyrir þeim. Og þegar rétti tíminn rennur upp, mun hinn vingjarnlegi tungldýrkandi breytast í sína mynd, hann mun nauðga konum ykkar og mun drepa ykkur. Hættið því að verða heimskir asnar. Gefið gaum að þeim sem vara ykkur við. Munið eftir snákinum. Það verður að skera hausinn af honum til að drepa hann. Hvað oft heyrir maður ekki fólk segja: „Ég þekki múslima sem eru ágætis fólk.“ En eins og Faðir Boutros Zakarias sagði nýlega hér á veggnum: „Þeir breytast um leið og þeir komast í meirihluta.“ MÚSLIMAR LÁTAST VERA GOTT FÓLK!“

„jæja þar komað því að það kom kona með viti. ég hef búið hér í sverge í 35 ár og séð hvernig muslimar breiðast eftir að þeir feingu sínar moskur. þá birjuðu nauðganir heiðursmorð. heiðursmorð veður moskan að dæma og gefa leivi hjá ættini til að henda stúlkuni framaf svölonum eða bara drepa hana – moska er herstöð og dómstól hjá islam .hér í sv eru muslimar í stríði við somaliu muslima skothríð 2 sinum í dag. stríðið hér er útaf eiturlivum og vopnasölu . 8 muslimar dauðir í ár bara gautaborg . svo ef þið viljið ekki mosku ekki kjósa DÖGUN ÞAR ER MUSLIMI OG HANN ER STÓR HÆTTULEGUR SAMFÉLÆGINU Á ÍS“

„Mig langar til að koma því að, þó ég viti að ég verði út-hrópaður rasisti fyrir vikið. Það er til stór hópur fólks sem tekur ekki afstöðu í þessum deilumálum hér nefndum. Þessi hópur vil bara afstýra miklum átökum við öfgamúslima sem óhjákvæmilega kemur að, ef Moskubyggingar verða leyfðar, það er reynsla allra vestræna þjóða. Það tekur langan tíma að þróast, en gerist á endanum eins og dæmin sýna. Við höfum ekkert á móti friðsömum múslimum en þeir öfgafullu koma síðar í kjölfarið með ofbeldi , kúgun og þeir vilja drottna og samlagast ekki. Þegar okkar bókstafstrúar og þeirra öfgatrúar hefja heilagt stríð, þá guð hjálpi okkur. Fljótum ekki sofandi að feigðarósi. Þetta hefur ekkert með manvonsku né þröngsýni að gera, bara það að læra af reynslu annarra.“

## Umræður á netfréttamiðlum í víðara samhengi

Umræðurnar sem fara fram á fréttatengdum netsíðum um þær fréttir, greinar, viðtöl og pistla sem þar birtast eru augljóslega í beinu samhengi við aðra umræðu sem fer fram í samfélaginu og atburði sem eiga sér stað. Eins og kemur fram í greiningunni á umræðunni fyrir efnisflokkana hér að ofan hefur inntak og framsetning efnisins sem er kveikjan að umræðunum áhrif á ummælin sem sett eru fram. Það er beint orsakasamhengi á milli þess hvort efni er sett fram með jákvæðum eða neikvæðum hætti og athugasemdanna sem skrifaðar eru. Í þessu samhengi er áhugavert að skoða nokkrar fyrrsagnir og valdar málsgreinar úr þeim umræðukveikjum sem voru skoðaðar fyrir greininguna.

Hér eru nokkur dæmi: (fyrrsagnir eru **feitletraðar** en texti úr frétt/viðtali/grein/pistli ekki)

„**Karlagrobb tröllríður enn íslensku samfélagi:** Það er þetta mentalítet sem er mjög ríkjandi í íslensku samfélagi og karlar eru að snúa hvern annan niður.“ (Viðtal við fyrrverandi þingmann og ráðherra.)

„**Talibanar í flabeinsturni:** Ofstækisfullur sértrúarsöfnuður sem gengur fram í nafni pólitísks rétttrúnaðar.“ (Frétt sem vitnar í pistil eftir fyrrverandi þingmann og ráðherra.)

„**Sigur fyrir allar konur.**“ (Viðbrögð kæranda við dómi í máli um kynferðislega áreitni á vinnustað.)

„**Er þetta fólk bara stíflað af frekju?** - Getur verið að ég sé að glíma við ofstækisfullt trúarfólk eða er þetta fólk bara stíflað af frekju? Sagði hann í aðsendri grein á Smugunni að femínismi væri pólitískt nýtilegar leifar af „öskuhaugum marxismans.“ (Frétt sem vitnar í pistil eftir þingmann.)

„**Samkynhneigð ,hvetur til mannrána.**“ (Frétt sem vitnar í pistil eftir leiðtoga trúfélags.)

„**Stjórnvöld óttast mikinn straum útlendinga.**“ (Viðtal við prófessor um stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda.)

„**Hvar er réttur íslenskra borgara til verndar gagnvart þessu fólk?** - Óttinn við hryðjuverk grundvöllur nógildandi útlendingalaga - Þeir undirbúa ódæðisverk sín óárettir jafnvel árum saman.“ (tilvitnanir í viðtal við einn fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra.)

„**‘Vildi ,endurheimta landamæri Íslands‘** -Frambjóðandi vildi stöðva búferlaflutninga erlendra borgara til Íslands og sagði heilbrigði þjóðarinnar stafa hættu af berklum frá Austur-Evrópu.“ (Viðtal við frambjóðanda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík.)

„**Hundruð flóttafólks dæmt í fangelsi við komuna til Íslands** – Á flóttu undan mansali, styrjöldum og þrældómi - Sitja af sér á Litla-Hrauni og kvennafangelsinu í Kópavogi - Brot á alþjóðasamningi.“ (Fréttategnd grein eftir blaðamann.)

„**Segir íslenskum yfirvöldum skylt að vísa flóttafólki úr landi.**“ – (núverandi innanríkisráðherra.)

„**Lögreglan vill halda áfram að refsa hælisleitendum.**“ – (núverandi Lögreglustjóri á Suðurnesjum)

**„Moska varasöm fyrir íslenska þjóðmenningu og öryggi.“** - (Fyrirsögn á frétt um grein skrifaða af einum af fyrrverandi Borgarstjórum Reykjavíkurborgar.)

**„Múslimar eru að dreifa sér um heiminn og við eigum að halda þeim í skefjum.“** (Fyrirsögn á frétt um grein skrifaða af einum af fyrrverandi Borgarstjórum Reykjavíkurborgar.)

„Eitt útilokar ekki annað. Mér finnst sjálfri, sem manneskju og biskupi Íslands að kristin trú eigi að halda áfram að vera þau trúarbrögð sem eru ríkjandi og sem við byggjum á, en það útilokar ekki það að hér geti risið moska.“ (Viðtal við Biskup Íslands um ummæli oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík að það eigi ekki að leyfa byggingu mosku á meðan það sé þjóðkirkja í landinu.)

„Ég veit ekki hvað skal segja um þetta. Ég hef ekki reynt það sjálf á eigin skinni eða upplifað það í gegnum kirkjuna, að það séu einhver vandamál tengd múslimum. Auðvitað hefur maður heyrt þessar fréttir utan úr heimi. Mér finnst miklu mikilvægara að við Íslendingar höfum sammælst um það að hér skuli ríkja kristinn siður. Samfélagið er byggt á kristnum gildum. Mér finnst það mikilvægara að við vitum hvar við stöndum sem þjóð, heldur en að vera útiloka aðra. Flest þetta fólk er alið upp í löndum þar sem múhameðstrú er ríkjandi. Þess vegna eru þau væntanlega múslimar. Alveg eins og ég sem er alinn upp í kristinni trú og þess vegna tilheyrir ég henni. Það sem maður elst upp við mótast oft fyrir lífstíð. Ég kys að nálgast málið frá þeirri hliðinni, frekar en að vera með og á móti mosku.“ (Viðtal við Biskup Íslands um ummæli oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík að það eigi ekki að leyfa byggingu mosku á meðan það sé þjóðkirkja í landinu.)

**„Framsóknarkona úthúðar múslimum: „Við eigum að standa vörð um arfleifð okkar, menningu og trú á Guð.“** (fyrirsagnir á frétt um facebook færslu frambjóðanda Framsóknarflokksins í Kópavogi.)

**„Hvenær voru múslimar minnihlutahópur?“** (Vitnað í kosningastjóra Framsóknarflokksins í frétt.)

„Í Bretlandi eru breskir hermenn vegnir á götum úti af hermönnum Íslam. Því miður kemur hvatningin til slíkra verka yfirleitt frá trúfélagi þeirra í moskunum. Í samfélagi sem áður var friðsamlegt eru nú harðar deilur milli þeirra sem óttast þessa þróun og þeirra sem vilja ganga áfram með bundið fyrir augun. Til þess að friður ríki í samfélagi þarf að vera samstaða um gildi og viðmið.“ (Úr pistli á eyjan.is)

„Við erum búin að búa hér í sátt og samlyndi frá landnámi. Fyrst var það Ásatrú, síðan komu siðaskiptin – allir þekkja þessa sögu. Ég tel bara að á meðan við erum með þjóðkirkju eigi sveitarfélög ekki að úthluta lóðum til byggingu húsa eins og mosku.“ (Viðtal við oddvita Framsóknarflokksins sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík.)

Úr Reykjavíkurbreffi Morgunblaðsins 16.05.14

„Það er ekkert rangt við það, að fólk vilji fá upplýst, hvort engu skipti fyrir það, ef annarra þjóða fólk sækir bæði hratt og í miklum mæli inn í velferðarkerfi, sem það hefur ekkert lagt til, og muni sennilega frá fyrsta degi þurfa mjög á að halda.“

„Það felast engir kynþáttafordómar í slíkum spurningum. Og það hefnir sín að kæfa í fæðingu varfærnislega umræðu af því tagi. Í rauninni er illskiljanlegt að margir skuli frekar óttast ábyrga og öfgalaus umræðu um rétttrúnaðarefnin en afleiðingarnar af því að bannfæra hana.“

„Hún mun brjótast út, fyrr en síðar, eins og dæmin sanna og þá er hætt við að öfgar og ábyrgðarleysi muni einmitt einkenna hana. Og engu verði lengur um þokað.“

„**Mjög fáir sem þora að segja eitthvað ögrandi.**“ (Núverandi forsætisráðherra í útvarpsviðtali um stjórnsmál á Íslandi og byggingu mosku í Reykjavík.)

## Samantekt og niðurstöður

Helstu niðurstöður þessarar greiningar eru eftirfarandi:

- Fjöldi ummæla sem gætu flokkast sem hatursorðræða er ekki mikill en það finnst þó nokkur dæmi í flestum efnisflokkum sem skoðaðir voru. Hafa ber í huga hvað fjöldann varðar að fylgst er með yfirstandandi umræðunum á ummælakerfum netfréttamiðla af starfsmönnum þeirra og samkvæmt upplýsingum frá netfréttamiðlunum sem voru skoðaðir er grófum og hatursfullum ummælum eytt út jafnóðum.
- Töluvert ber á fordómafullum ummælum sem einkennast af kynþáttafordómum, byggðum á staðalmyndum um hópa fólks. Einnig eru ummæli sem einkennast af þjóðernishyggju og ný-rasisma algeng. Algengast er að fordómafull ummæli séu sett fram í garð múslima.
- Fyrir hver fordómafull ummæli þar sem settar eru fram alhæfingar um hópa fólks byggt á staðalmyndum eru að jafnaði 2-3 ummæli þar sem ummælunum er svarað með rökum og upplýsingum. Fordómafullu ummælin eru iðulega ómálefnaleg og oft dónaleg, því ber meira á þeim eða þau fá meiri athygli. Umræðukerfið á netfréttamiðlunum er sjálfbært samfélag að þessu leyti, það eru margir sem leggja sig fram við að koma í veg fyrir að fordómafull ummæli standi án þess að þeim sé svarað.
- Fordómafull ummæli og málflutningur þeirra sem vilja verja þau lýsa oft skorti á þekkingu á hver takmörk tjáningarfrelsisins eru og hvaða lög og mannréttindaákvæði eru í gildi í landinu til þess að verja réttindi hópa fólks sem verða fyrir fordómum og mismunun. Margir telja það til pólitískis rétttrúnaðar og skoðanakúgunar að verja mannréttindi minnihlutahópa og segja að það sé bara „fallega og góða“ fólkið sem megi tala um þessi mál.
- Beint samhengi er á milli þess hvaða viðhorf eru sett fram í umræðukveikjunni og ummælunum við þessar umræðukveikjur. Þetta hefur verið kallað „tilfinningalegar smitleiðir“ og bent á að fordómafull umfjöllun leiðir af sér fordómafull ummæli. Fjölmiðlar gegna því mikilvægu hlutverki og geta haft áhrif á umræðuna með framsetningu á efninu sem þeir birta.
- Það er mikill merkjanlegur munur á umræðunni um byggingu mosku í Reykjavík sem tengdist grein sem skrifuð var af einum af fyrrverandi borgarstjórum Reykjavíkurborgar og þeirri sem tengdist ummælum oddvita Framsóknarflokksins um byggingu mosku fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí síðastliðinn. Seinni umræðan er mun grófari, þar er að finna mikinn fjölda af ummælum sem einkennast af ný-rasisma, kynþáttahyggju og þjóðernishyggju og þónokkuð af ummælum sem gætu mögulega verið skilgreind sem hatursorðræða. Í tengslum við hana voru settar fram morðhótanir gagnvart einum af forsvarsmönnum Félags múslima á Íslandi og töluvert var um persónuárásir. Helsta ástæða þessa munar er líklega sú að í tengslum við seinni umræðuna voru margir einstaklingar sem gegna, eða voru að sækjast eftir, opinberum valdastöðum í samfélaginu sem tjáðu sig með neikvæðum hætti um byggingu mosku í Reykjavík. Sú orðræða, ásamt þögn ýmissa valdamikilla aðila, kann að hafa verið tülkuð sem svo að það væri búið að gefa samfélagslegt samþykki fyrir því að setja slíkar skoðanir fram á opinberum vettvangi.
- Eitt einkenni á umræðunni er að margir af þeim sem setja fram viðhorf sem einkennast af fordómum, þjóðernishyggju eða kynþáttahatrí draga ályktanir um hópa fólks, þjóðir og heimshluta út frá einstökum dæmum eða sögum. Málefni, trúarbrögð og heimshlutar og smættaðar niður í einsleita mynd byggða á atviki sem fólk hefur upplifað eða sögu sem það hefur heyrt og ályktanir dregnar út frá því.



- Það er um það bil 8-10 manna hópur sem er mjög virkur í umræðunni um byggingu mosku og búsetu múslima á Íslandi. Nokkrir af þeim halda úti vefsíðum þar sem settur er fram haturs- og hræðsluáróður gagnvart múslimum. Sumir þessara aðila eru mjög meðvitaðir um hversu langt þeir geta gengið í málflutningi sínum án þess að gerast brotlegir við lög. Í ummælum sínum vitna þeir oft í trúarrit eða erlenda stjórnámálamenn í gæsalöppum en ekki í eigin orðum.
- Viðhorf til fólks af erlendum uppruna sem birtast í fjölmörgum ummælum sem skoðuð voru eru nátengt tilhneigingu á vesturlöndum til að „útskýra“ hegðun einstaklinga frá öðrum löndum en vestrænum með vísan til menningar eða ríkjandi trúarbragða í heimshlutanum sem þeir koma frá. Þannig eru gerðir eða hegðun einstaklingsins taldar vera merki um menningu sem hann ber með sér og eru oftast byggðar á röngum alhæfingum og staðalmyndum. Ummæli sem einkennast af þessu lýsa mikilli vanþekkingu og fordómum. Í þeim birtist einnig mjög einföld sýn á íslenskt samfélag og heiminn sem er hugsanlega til kominn vegna ríkjandi opinberrar orðræðu þar sem iðulega er litið á og talað um íslensku þjóðina sem einsleita, með sömu trú, sömu gildi og sameiginlega menningu.
- Þegar bornar eru saman umræður um fréttir, greinar eða viðtöl þar sem einstaklingur af erlendum uppruna tjáir sig um samskonar eða svipað mál og Íslendingur, er merkjanlegur munur á ummælunum. Í þeim tilfellum þar sem einstaklingur af erlendum uppruna tjáir sig er mikið um svívirðingar í garð hans/hennar sem einstaklings og settar fram athugasemdir eins og „að það eigi bara að senda þetta fólk heim til sín.“ Fólki af erlendum uppruna virðist samkvæmt þessu ekki líðast að hafa gagnrýna rödd í samfélaginu.
- Ef umræðukeikjan er viðtal, grein eða frétt þar sem fram kemur málflutningur einstaklings sem er þekktur eða gegnir ábyrgðarstöðu í samfélaginu snýst stór hluti ummælanna um persónu þess einstaklings og eru ummælin yfirleitt neikvæð í garð þeirra.
- Af þeim 14.815 ummælum sem voru lesin fyrir greininguna voru 75% skrifuð af körlum og 25% af konum.
- Umræðan á netfréttasíðum í öllum þeim fjölbreytileika sem þar er að finna er lítið frábrugðin umræðunni í samfélaginu almennt. Flest, ef ekki allt það sem þar er að finna er líka að finna í fjölmiðlaumræðunni sjálfri, umræðunni á Alþingi og í almennri umræðu. Það kann að vera að það sé meira um gífuryrði og dónaskap á netfréttamiðlunum en í annarri umræðu en það verður að teljast sem stigsmunur en ekki eðlismunur.

## Viðauki 1 – Hugtakaskýringar<sup>4</sup>

### Fordómar:

Þjóðernislegir eða rasískir fordómar eru kerfi neikvæðs mats á persónueinkennum ákveðinna hópa sem skilgreindir hafa verið sem menningarlega öðruvísi. Fórnarlömb fordóma eru því einn eða fleiri hópar, sem *taldir* eru ólíkir eða öðruvísi en meðlimir meirihlutahópsins. Hinn meinti mismunur er metinn sem neikvæður í samanburði við viðhorf, gildi, hefðir og markmið ríkjandi hóps. Þetta neikvæða mat er alhæft út frá ófullnægjandi, fordómafullum hugmyndum um minnihlutahópa, þ.e. staðalmyndum.

### Kynþáttafordómar/rasimi:

Rasísk mismunun felur í sér sérhverja gjörð – í orðum eða orðnotkun sem hefur viljandi eða óviljandi neikvæðar afleiðingar fyrir kynþátta- eða þjóðernislega minnihlutahópa. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að ásetningur er ekki endilega nauðsynlegur hluti af rasisma. Varðandi skilgreiningu á rasisma er mikilvægt að gera sér grein fyrir að ‚vald‘ er næstum alltaf grundvallaratriði í mismunandi skilgreiningum á rasisma. Rasismi er þannig umbreyting rasískra fordóma og/eða þjóðhverfu í mismunun með beitingu beins eða óbeins valds.

### Ný-rasismi:

Ný-rasisma er afar erfitt að merkja en er þó gífurlega útbreiddur í evrópskum samfélögum í dag. Ný-rasistar tala ekki um ákveðna "kynþætti" né um yfirburði eins kynþáttar yfir öðrum, heldur tala þeir um mismunandi menningarhópa. Þeirra sannfæring er að mismunandi menningarhópar geti aldrei búið saman í einu samfélagi og við þannig aðstæður muni alltaf koma til ofbeldis og átaka. Talsmenn þessarar stefnu líta á þennan "menningarlega mismun" sem óbreytanlegan þar sem hann byggist ýmist á "mannlegu eðli" eða hafi "djúpar sögulegar rætur". Þeir telja því átök í fjölmennningarlegum samfélögum óhjákvæmileg. Eina leiðin til að komast hjá átökum sé að hindra þróun fjölmennningarlegra samfélaga með strangri innflytjendalöggjöf og útiloka "aðkomuhópin" frá öllum félagslegum réttindum í samfélaginu. Til dæmis eru ný-rasistar tvímælaust andvígir því að fólki af öðru þjóðerni sé veittur ríkisborgararéttur eða að þeir hafi rétt á stuðningi frá félagslega kerfinu. Ný-rasisminn er mun hættulegra form rasisma í dag en hinn hefðbundni rasismi þar sem talsmenn hans viðurkenna yfirleitt ekki andúð sína eða fyrirlitningu á fólki af erlendum uppruna en bera mál sitt fram eins og þeir beri hag allra fyrir brjósti. Dæmi um ný-rasískan málflutning gæti litið eftirfarandi út: "Ég held alls ekki að hvítir séu eitthvað betri en svartir, þeim liði bara augljóslega miklu betur í sínu rétta menningarlega umhverfi, auk þess sem þeir yrðu ekki fyrir fordómum í sínu heimalandi."

### Minnihlutahópur:

Minnihlutahópur er almennt skilgreindur sem hópur fólks sem sker sig frá meirihluta samfélagsins, hvort sem er á grundvelli þjóðernis, kynþáttar, trúar, aldurs, tungumáls eða fötlunar. Hugtakið er oft misskilið sem að það útskýri töllulegan minnihluta, en í samfélagsfræðum, þá sérstaklega með tilliti til borgaralegra réttinda er hugtakið notað með vísan til hópa fólks sem hafa litið vald í samfélaginu. Einstaklingar sem tilheyra minnihlutahópum verða oft fyrir mismunun í samfélögunum sem þeir búa í. Þessi mismunun getur verið byggð á því að einstaklingurinn er talinn tilheyra ákveðum minnihlutahópi og ekki er horft til athafna eða eiginleika einstaklingsins sjálfs.

---

<sup>4</sup> Allar hugtakaskýringar á þessum lista eru fengnar úr bókum Guðrúnar Pétursdóttur sem koma fram í heimildaskrá, nema sú síðasta sem er úr íslenskrri orðabók.

**Staðalmyndir:**

Staðalmyndir fela í sér flokkun ákveðins hóps, byggða á fyrirfram ákveðnum hugmyndum og alhæfingum. Staðalmyndir gera ráð fyrir að allir meðlimir ákveðins hóps, sem aðgreindur hefur verið út frá yfirborðskenndum einkennum, hugsí og hegði sér á sama hátt. Þar sem settar eru fram alhæfðar fullyrðingar um ákveðna hópa fólks (t.d. trúfélög, þjóðerni, uppruna o.s.frv.) er alltaf stuðst við staðalmyndir, þ.e. eiginleika sem gert er nokkuð örugglega ráð fyrir hjá sérhverjum einstökum meðlimi hópsins. Þar sem ganga má út frá því sem vísu að engar tvær manneskjur séu eins, sama hvaða hópum þær tilheyra, má fullyrða að staðalmyndir geti *aldrei* gefið rétta mynd. Dæmi um staðalmyndir er þegar sagt er "Þjóðverjar eru svo sparsamir", "feitt fólk er svo glaðlynt", "unglingar eru frekir og latir", "svartir eru góðir íþróttamenn, glæpahneigðir, músíkalskir.....". Staðalmyndir eru síðan endurnýjaðar þegar fólk sér umfjöllun í fjölmiðlum eða hittir einstakling sem fyrir tilviljun samræmist staðalmyndinni.

**Þjóðernishyggja:**

Þjóðerniskennd lýsir tilfinningu fólks, sem deilir menningarlegri og sögulegri sjálfsmynd eða hefur þá sannfæringu að það eigi sameiginleg örlög vegna þess að það er þegar ákveðins lands, þjóðar eða heimsálfu. Þjóðernishyggja er hugmyndafræði eða pólitískar hugmyndir þess efnis að menningarleg- og landfræðileg landamæri ríkja skuli vera þau sömu. Einnig tilfinning sem felur í sér að tilheyra ákveðinni þjóð og ekki síst sú skoðun að ákveðin þjóð sé eða ætti að vera merkilegri en allar aðrar. Munurinn á jákvæðri þjóðarsjálfsmynd og þjóðernishyggju er þessi yfirburðarkennd þ.e. mín þjóð er ekki bara góð, heldur er hún betri en allar aðrar þjóðir.

**Þjóðhverfa:**

Þegar ákveðinn hópur upplifir sig sem miðju alheimsins og metur alla aðra menningu út frá eigin gildum, er talað um þjóðhverfu. Hópurinn upphefur sjálfan sig á kostnað annarra og afneitar þeim eða fyrirlítur sem ekki standast það gildismat hans.

**Þjóðernisstefna:**

Stjórnmalastefna sem leggur áherslu á sérkenni og sérstöðu þjóðar, vill varðveita þetta hvort tveggja og hamla gegn því sem erlent er.

## Viðauki 2 – Laga- og mannréttindaákvæði sem tengjast efninu

### Stjórnarskrá Íslands

**65. gr.** Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

**73. gr.** Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

### Almenn hegningarlög Nr. 19/1940

**125. gr.** Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.

**180. gr.** Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

**233. gr. a.** Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

### Lög um fjölmiðla Nr. 38/2011

**27. gr.** Fjölmiðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi. Einnig er þeim óheimilt að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.

**54. gr.** Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum.....g) 27. gr. um refsiverða háttsemi.

## Mannréttindasáttmálar sem Ísland hefur fullgilt

### Evrópuráðið

#### Mannréttindasáttmáli Evrópu (1950)

**9. gr.** 1. Sérhver maður á rétt á að vera frjálss hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.  
2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum,

sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

**10. gr.1.** Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

**17. gr.** Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

## Sameinuðu þjóðirnar

### Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi (1966)

**18. gr.1.** Allir menn skulu frjálssir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í þessum rétti felst frelsi til þess að hafa eða aðhyllast trú eða skoðun að þeirra vali, og frelsi til þess að láta í ljós trú sína eða játningu, einir sér eða í félagi við aðra, opinberlega eða einslega, með tilbeiðslu, helgihaldi, guðsþjónustu og kennslu.

2. Enginn skal þurfa að sæta þvingun sem mundi hefta frelsi hans til þess að hafa eða aðhyllast trú eða skoðun að hans vali.

3. Frelsi til þess að láta í ljós trú eða skoðun skal einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar til þess að vernda öryggi almennings, reglu, heilbrigði eða siðgæði, eða grundvallarréttindi og frelsi annarra.

4. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að virða frelsi foreldra og, eftir því sem við á, lögráðamanna til þess að tryggja trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barna sinna í samræmi við þeirra eigin sannfæringu.

**19. gr.1.** Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust.

2. Allir skulu eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar; í þessum rétti felst frelsi til þess að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista, eða eftir hverjum öðrum leiðum að þeirra vali.

3. Sérstakar skyldur og ábyrgð felast í því að nota sér réttindi þau sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Því má takmarka þessi réttindi að vissu marki, en þó aðeins að því marki sem mælt er í lögum og er nauðsynlegt:

(a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra;

(b) til þess að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigði almennings eða siðgæði.

**20.gr.** 2. Allur málflutningur til stuðnings haturs af þjóðernis-, kynþáttar- eða trúarbragðalegum toga spunnið sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi skal bannaður með lögum.

**26. gr.** Allir eru jafnir fyrir lögum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ættarnis eða annarra aðstæðna.

**27. gr.** Í þeim ríkjum þar sem staðfélags-, trúarbragða- eða tungumálaminnihlutahópar eru skal þeim sem tilheyra slíkum minnihlutahópum ekki neitað um rétt til þess, í samfélagi við aðra í þeirra hópi, að njóta menningar sinnar, að játa og þjóna sinni eigin trú eða að nota sitt eigið tungumál.

### **Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis (1965)**

**1. gr.** 1. Í samningi þessum merkir „kynþáttamisrétti“ hvers kyns aðgreiningu, útilokun, takmörkun eða forgang sem byggður er á kynþætti, litarhætti, ættarni eða þjóðernis- eða þjóðlegum uppruna sem hefur það markmið eða þau áhrif að koma í veg fyrir eða hamla að hægt sé að fá viðurkennd eða geta notið eða framfylgt á jafnræðisgrundvelli, mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála eða öðrum opinberum vettvangi.

**4. gr.** Aðildarríki fordæma allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd, og skuldbinda sig til að gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til þess að uppræta alla hvatningu til eða aðgerðir vegna slíks misréttis með tilliti til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem eru talin í 5. gr. þessa samnings, meðal annars að:

(a) Gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öll ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna og einnig allar ráðstafanir til aðstoðar aðgerðum kynþáttahatara, þar með talda fjármögnun.

(b) Lýsa ólögleg og banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum.

(c) Banna stjórnvöldum og opinberum stofnunum að stuðla að og hvetja til kynþáttamisréttis.

### **Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979)**

**1. gr.** Í samningi þessum merkir „mismunun gagnvart konum“ hvers kyns aðgreiningu, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

## **Heimildaskrá:**

Guðrún Pétursdóttir: *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. InterCultural Ísland 2003.

Guðrún Pétursdóttir: *Um birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi*. InterCultural Ísland 2012.

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova: *Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*. Mannréttindaskrifstofa Íslands 2013.

*Íslensk Orðabók. Þriðja útgáfa*. Ritstjóri Mörður Árnason. Reykjavík, Edda 2002.

Ríkislögreglustjórinn. *Hatursglæpir: Áfangaskýrsla um stöðu og þróun hatursglæpa á Íslandi og innan aðildarríkja Öryggis- og Samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)*. Júlí 2008.

## **Dómar Hæstaréttar Íslands**

Hrd. 461/2001